

## ☒ Re: Ósk um umsögn - Úthlíð frístundabyggð, deiliskipulag 2109071 -

Búið til	21.12.2021 15:27:14
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	21.12.2021 15:27:13
Tilheyrir	📁 202112-0015 - Úthlíð frístundabyggð, deiliskipulag, - ósk um umsögn

### Efni

Re: Ósk um umsögn - Úthlíð frístundabyggð, deiliskipulag 2109071 -

### Upplýsingar

Sent	21.12.2021 15:27:13	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	stella@utu.is

### Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

-----  
Tilvísun í mál nr. 202112-0015 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Uppsveita bs., dags 7. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu vegna deiliskipulags fyrir frístundabyggð í Úthlíð, Bláskógabyggð.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér lýsinguna og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að í henni komi fram það sem þarf að fjalla um er varðar skipulagsbreytinguna og umhverfisáhrif hennar.

Varðandi breytingu á hluta svæðisins í verslunar- og þjónustusvæði er vísað í umsögn um aðalskipulagsbreytingu því tengt sem Náttúrufræðistofnun sendi skipulagsfulltrúa þann 20. apríl 2021.

Áætluð vinna við gerð deiliskipulagstillagna (alls fimm) felst fyrst og fremst í að uppfæra og betrubæta deiliskipulag núverandi frístundabyggðar og litlar breytingar eru í farvatninu enda svæðið nær fullbyggt. Ekki stendur til að stækka frístundabyggðina. Stærsta breytingin felst í áformum um aukna ferðaþjónustu

m.a. byggingu hótels.

Náttúrufræðistofnun leggur mesta áherslu á að fyrirhugaðar breytingar á notkun svæðisins sem fjalla á um í deiliskipulagi taki tillit til verndargildis gróðurs og jarðminja á svæðinu. Svæðið er í Úthlíðarhrauni sem er nútímahraun og nýtur verndar samkvæmt 61 gr. náttúruverndarlaga og ber eigi að raska nema brýna nauðsyn beri til. Einnig er þar að finna birkiskóga sem tilheyra skóglendisvistgerðum með hátt verndargildi samkvæmt vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Stella Rúnarsdóttir" <stella@utu.is>

**To:** "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is" <axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "sigrun@hsl.is" <sigrun@hsl.is>; "kristinn@minjastofnun.is" <kristinn@minjastofnun.is>; "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>; "Rannveig María Jóhannsdóttir - VG" <rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is>; "sumarhus@sumarhus.is" <sumarhus@sumarhus.is>

**CC:**

**Subject:** Ósk um umsögn - Úthlíð frístundabyggð, deiliskipulag 2109071 -

**Date:** 7.12.2021 10:37:26

Góðan daginn

Óskum hér með eftir umsögn ykkar á meðfylgjandi lýsingu vegna deiliskipulags fyrir frístundabyggðar í Úthlíð, Bláskógabyggð.

Lýsingin er í kynnintu til 24. desember n.k.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

*Bestu kveðjur,*

---

Stella Rúnarsdóttir

Ritari skipulagsfulltrúa

Skipulags- og byggingafultrúi Uppsveita bs.

Dalbraut 12, Laugarvatni

Sími: 480 5550

Netfang: stella@utu.is (mailto:stella@utu.is)

Vefsíða: www.utu.is (http://www.sbf.is/)

## Viðhengi

image001.png (5 KB)